

## Vændiskarlar

Almenn og fræðileg umræða um vændi eða kynlífsþjónustu er iðulega sveipuð alls konar fordómum og fyrirleitningu. Þrátt fyrir, að vændi karla sé alþekkt í sögu Vesturlanda, hefur kastljósinu yfirleitt verið beint að kynlífsþjónustu kvenna: „Bæði fræðimenn og kvenfrelsarar hafa, síðan á nítjándu öldinni, litið á kynlífsþjóna sem smitandi óvætur, fórnarlömb slæmra fjölskylduaðstæðna eða feðraveldiskúgunar – eða jafnvel lausgirtar konur, sem hreyknar eru af efnahagslegu sjálfstæði sínu.“ (McCormick) Konum, sem kaupa kynlífsþjónustu kynsystra sinna, virðist hlíf, en körlum, sem kaupa vændi, eru ekki vandaðar kveðjurnar; skilgreindir ofbeldismenn og kúgarar kvenna. Fyrrverandi formaður samtaka kvennaathvarfa í Svíþjóð, Ireen von Wachenfeldt, orðaði þetta svo: „Karlar eru skepnur.“ Síðar áréttaði hún: „Ég hefði ekki átt að halda því fram, að karlar væru verri en dýr. Ofbeldiskarlarnir sumir hverjir njóta þess, þegar konur þjást. Það gera dýr ekki.“ Á Íslandi og í nokkrum löndum öðrum eru vændiskaupendur skilgreindir glæpamenn að lögum.

Hverjir eru þeir karlar, sem kaupa vændi? Skoðum nokkrar vandaðar rannsóknir: Norsk rannsókn 1989 sýndi, að þrettán af hundraði karla höfðu einu sinni eða oftar keypt kynlífsþjónustu, flestir þó einu sinni. Niðurstöður benda einnig til, að tiltölulega fáir karlar séu reglulegir kúnnar og stórneytendur. Árið 2010 var gerð umfangsmikil könnun á vændiskaupum karla í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Niðurstaða: „[Þ]að eru engin gild gögn, sem styðja þá hugmynd, að kynlífskaup lýsi algengri og hefðbundinni kynlífshegðun karla í Bandaríkjum Norður-Ameríku, ...“ (Christine Milrod, University of Portland) Rannsakendur komust einnig að því, að meðal-Jón-kynlífsneytandi sé í engu frábrugðinn þeim kynbræðrum, sem ekki kaupa kynlíf. Ennfremur: „[Þ]að er fátt, sem bendir til, að umræddir karlar séu í eðli sínu afbrigðilegir eða búi við vanhöld á sálinni.“ Það eru einkum vel menntir, vellaunaðir, frjálslyndir og lostafullir hvítir karlar, sem kjósa að leysa girnd sína í skauti kynlífsþjóna. Eins og gefur að skilja eru þeir kúnnar ötulastir.

Hópur kaupenda er fjölbreyttur, hvað áhrærir lýðfræðilega samsetningu, hegðun og viðhorf. „Þó að það sé engum vafa undirorpið, að sumir þeirra [karlkyns vændiskaupenda] sýni ofbeldi og misnotkun, bendir rannsókn á 2300 handteknum kaupendum til, að flestir þeirra vísi á bug nauðgunarþörf og hafni ofbeldi gegn konum.“ (Ronald Weitzer/Martin A. Monto) Það er engin ástæða til að ætla, að meginhluti kaupanda kynlífsþjónustu sé ofstopafullur. Líklega er tiltölulega fámennur hópur ábyrgur fyrir miklum hluta ofbeldis gegn kynlífsþjónum (prostitutes). (Martin A. Monto)

Í tímaritinu, „International Journal of Offender Therapy,“ var árið 2005 skýrt frá rannsókn á 1624 körlum, sem handteknir höfðu verið fyrir vændiskaup og þeir bornir saman við hóp karla, sem aldrei hafði keypt vændi. Niðurstöður vísindamanna voru þessar m.a.: „Meiri líkur voru til, að viðskiptavinir væru ógiftir. Væru þeir giftir reyndust þeir síður hamingjusamir í hjónabandi sínu og lýstu fremur lífsóhamingju almennt. Viðskiptavinir gáfu einnig til kynna meira frjálslyndi í kynlífsmálum; kynlíf var þeim hugleiknara, þeir fróuðu sér oftar og nýttu sér fremur aðrar greinar kynlífsiðnaðarins. Í flestum tilvikum var munurinn óverulegur, sem bendir til að um sé að ræða stígsmun fremur en eðlismun.“ (Mcee)

Karlar, sem bjóða kynlífsþjónustu, búa jafnvel við meiri fordóma, heldur en starfssystur þeirra. Íslenskur karlmaður segir svo frá reynslu sinni: „[F]yrir örfáum árum aflaði ég mér tekna með því að stunda kynlíf gegn greiðslu. Ég skammast mín ekki fyrir að hafa gert það og ég myndi gjarnan fara aftur inn á þann starfsvettvang ef að ég gæti gert það á öruggan máta. Nú koma einhverjir til með að stökkva á það að ég kem ekki fram undir nafni. „Ef hann

skammast sín ekki, af hverju er hann þá í felum með þetta?“ Vegna þeirra óheyrilegu og oft og tíðum ógeðfældu fordóma sem að fyrirfinnast í íslensku samfélagi í garð „sex workers“ [kynlífsþjóna]. Ég er nefnilega ekki ‘ásættanlega’ hórán. Ég er ekki skemmdur, ég lít ekki á mig sem fórnarlamb, ég skammast mín ekki fyrir að hafa stundað þessa iðju, og verst af öllu, ég styð afgangspavæðingu.

Í yfirlitsgrein í „Journal of Sex Research“ árið 2013 stendur m.a. um fordóma: „Skilningur manna, hvað viðvíkur karlkyns kynlífsþjónum, hefur tekið breytingum samfara breyttu hugarfari, félagslegu umhverfi og nýrri tækni. Rannsakendum hefur verið tamt að álíta þá í sálarlegu uppnámi, örvæntingarfulla eða fórnarlömb á ystu nöf. Litið hefur verið á skjólstæðinga þeirra sem félagslega öfugugga.“ (Victor Minichiello og félagar)

Rannsóknir hafa einnig leitt í ljós fjölbreytni í hópi viðskipavina, sem bæði eru konur og karlar. Fræðimenn hafa litið viðfangsefni sitt skjálguð augum rétt eins og í rannsóknum á kynlífsþjónustu kvenna. Árið 2008 skrifað David S. Bimbi í „Journal of Homosexuality“: „Þekking fyrri tíma rannsókna ber iðulega svipmót af þýðinu (undirhópnum), sem rannsóknir beindust að. Samfélagsfræðingar hafa ákveðið beint sjónum að þeim, sem harka á götunum, enda þótt annað fyrirkomulag kynlífsþjónustu væri þekkt. Þekkingu, sem aflað hefur verið úr þessu þrönga sjónarhorni, hefur einatt verið alhæfð til allra karlkyns kynlífsþjóna og haft í för með sér fordæmingu og skrímslun, stuðlað að mótun staðalímynda.“

Fyrirkomulag karlavændis er ýmis konar, en reynst hefur torvelt að kanna það til hlítar vegna fordæmandi viðhorfa og laga, sem ýmist eða hvort tveggja banna sölu kynlífs eða kaup þess. Aukin heldur hefur áróður kvenfrelsara byrgt mönnum sýn. „Sökum þess, að hugmyndir um kynlífssölubann grundvallast í meginatriðum á hugmyndinni um misnotkun karla á konum, var næstum ókleift að beina sjónum að kynlífsþjónustu karlmanna. Svo virðist sem karlkyns kynlífsþjónar falli ekki að hugsmíðinni um brothætta kynlífsþjóninn, sem bjarga þarf frá glötun.“ (Skýrsla European Network Male Prostitution)

Fyrirnefndur Victor Minichiello, ástralskur félags- og lýðheilsufræðingur, hefur, ásamt breska félagsfræðingnum, John Scott, rannsakað vændi karla allítarlega. Þeir gerðu m.a. alþjóðakönnun á kynningarsíðum fylgdarsveina á veraldarvefnum. Að kynningunum stóðu (trúlega) um 105.000 karlar. Sökum ýmis konar fordóma og andsnúinna laga má búast við, að þeir séu umtalsvert fleiri. Í Danmörku fundust sjö kynningarsíður, í Noregi átta og í Svíþjóð tíu. Ísland var ekki tekið með í þessari könnun. Almenn þjóða flestir þjónustu sína öðrum körlum eða tvöfalt fleiri en þeir, sem falbjóða sig konum og pörum. Þó er það misjafnt eftir löndum. T.d. sækjast fleiri karlkyns kynlífsþjónar í Stóra Bretlandi eftir viðskiptum við konur eða pör.

Í Svíþjóð er áætlað, að allt að fimmtungur kynlífsþjóna séu karlmenn miðað við þá þekkingu, sem er aðgengileg í dag. Á Vesturlöndum hefur götuvændi minnkað, en í aukandi mæli færst yfir á veraldarvefinn. Rannsóknarniðurstöður benda til, að karlkyns kynlífsþjónar eigi u.þ.b. helmings hlut umsvifanna á netinu (40 til 60%). „Karlkyns kynlífsþjónar, sem auglýsa sig á netinu, virðast, almennt talað, starfa í kynlífsiðnaðinum af fúsum og frjálsum vilja - og sjálfstætt.“ En vændi karla á sér enn stað á börum, vændishúsum, nuddstofum og gegnum auglýsingar í prentmiðlum.

Í umfjöllun BBC um vændi var Josh Brandon tekinn tali. Hann er á þrítugsaldri og hefur metnað til að verða besti fylgdarsveinn veraldar. Josh starfar í miðborg Lundúna og nýtur góðs af straumi ferðamanna. Í tímapiöntunarkerfi hans er boðið upp á afslátt fyrir

fjöldabókanir og svo magnafslátt. Kaupi viðskiptavinur tíu funda kort, er sá tíundi ókeypis. Í fréttapætti áströlskum fyrir nokkrum árum var lýst fjölskyldufyrirtæki, þar sem eiginkonan sá um pöntunarvafstur og bókhald, meðan karlinn sinnti viðskiptavinunum, aðallega konum úr viðskiptalífinu.

Það virðist óðum draga að því, að vændi kvenna og karla verði áþekkt að vöxtum og fyrirkomulagi. Svo segir Jan Wisser, hollenskur félagsfræðingur og fræðimaður um vændi til margra áratuga: Kynlífsþjónusta karla er nærri jafn fjölbreytt og kvenna. Þó er drengjum ekki stillt út í glugga lengur. Þegar það var reynt hópuðust fjölmiðlar að þeim, svo að kvenviðskiptavinir lögðu á flóttu.

Fátt er vitað um ástand mála á Fróni í þessu efni. Í skýrslu, útgefinni af Dómsmálaráðuneytinu, er þó bent á; “að marktækt fleiri strákar en stúlkur sögðust hafa þegið greiða eða greiðslu fyrir kynmök. Þetta sé þó í samræmi við niðurstöður nýlegra erlendra rannsókna...” Einnig er þekkt á Íslandi „fósturvændi,“ þ.e. þegar konur taka að sér umkomulausa unglingspilta eða karla í skiptum fyrir kynlíf. (Þýðingar eru höfundar.)

Höfundur er ellilífeyrisþegi